

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 3000 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 23. des. 1950, um breyting á almennum hegningarlögum.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Nr. 70.

28. desember.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn, eftir reglum um nefndarkosningar“ í 1. málsg. 4. gr. laganna komi: Í þessa nefnd kýs þingið 7 menn, eftir reglum um nefndarkosningar.

2. gr.

Í stað orðanna „Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd“ í 4. mgr. 16. gr. laganna komi: Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 7 í hverri nefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.